



Áfangalýsing ML

Titill:	Bókmenntir, málnotkun og ritun
Námsgrein:	Íslenska
Viðfangsefni:	Bókmenntir, málnotkun og ritun
Skammstöfun:	ÍSLE2MR05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er lagt upp með að nemendur efli málnotkun sína, ritun, lesskilning og framsögn. Nemendur fá þjálfun í byggingu málgreina, efnisgreina og lengri ritsmíða sem og í meðferð heimilda. Einnig kynnast nemendur og fá þjálfun í notkun málhjálpartækja s.s. orðabóka og ýmissa málforrita. Þá kynnast nemendur grunnreglum í stafsetningu og málfræði og grunnhugtökum í bókmenntafræði. Lesnir eru fjölbreyttir nytjatextar og skáldverk. Nemendur fá þjálfun í því að greina inntak og aðalatriði nytjatexta og bókmenntaverka, túlka, draga ályktanir og setja fram og rökstyðja skoðanir sínar. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni í ræðu og riti, gagnrýnin sem og skapandi.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none">• helstu hugtökum í byggingu ritsmíða (málgrein, efnisgrein, ritgerð)• helstu málfræði- og ritreglum og málhjálpartækjum sem nýtast í tal- og ritmáli• orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti• grunnhugtökum í bókmenntafræði• mismunandi tegundum nytjatexta og ólíkum málsniðum• grunnatriðum við notkun og skráningu heimilda•
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• rita ólíkar tegundir ritsmíða þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun og kemur skoðunum sínum á framfæri á greinargóðan hátt• nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða (s.s. orðabækur á netinu og málhjálpartæki, villupúka, málforrit o.fl.)• flytja af nokkru öryggi ræður, endursagnir og kynningar• draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiskonar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir• nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni• skilja og nota algeng stílbrögð í tal- og ritmáli• lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk sem og nytjatexta og fjalla um inntak þeirra



Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið og sýna töluverð tilbrigði í málnotkun• styrkja eigin málfærni með því að nýta málfræðiupplýsingar í handbókum og málhjálpartækjum.• beita skýru, lýtalausum og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti• taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu• túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun.